

AUGLÝSING

um skilmálabreytingu á deiliskipulagi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi skilmálabreytingar á deiliskipulagi.

Kringla II í Grímsnesi, skilmálabreytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar.

Breytingarnar felast í því að hámarksstærð sumarhúsa verður 200 fm í stað 100 fm og að hámarksstærð aukahúss verður 25 fm í stað 10-15 fm.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Ofangreindar skilmálabreytingar deiliskipulagsins öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. apríl 2006.

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu.